

#### **4. fundur í starfshópi um dagdvöl fyrir heilabilaða.**

**Haldinn fimmtudaginn 25.október 2018 kl. 8:15 að Strandgötu 6.**

Mættir: Valdimar Víðisson, formaður, Auðbjörg Ólafsdóttir, Erla Sigríður Ragnarsdóttir og Rannveig Einarsdóttir sem ritaði fundargerð.

1. Vilborg Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Alzheimer-samtakanna mætti á fundinn og fór yfir starfsemi samtakanna. Vilborg fór yfir hverjar grunnþarfir væru fyrir dagdvölinu en 16-20fm á einstakling. 250 fm á Sólvangi gætu nýst 15 einstaklingum og væri hæfilegt að vera með 330 fm til að Alzheimersamtökunum gæti hugnast það húsnæði. Fram kom að skv. biðlista frá 1.sept. eru 29 einstaklingar á biðlista eftir sérhæfðri heilabilunardagþjálfun í Hafnarfirði. Fram kom hjá Vilborgu að nærtækast væri að dagþjálfunin sé staðsett á Sólvangi. Rýmið þar er væntanlega ekki nægilegt nema meira pláss fái á staðnum. 80fm þarf í viðbót að mati Vilborgar til að hægt væri að nýta Sólvang.
2. Ákveðið að fá sviðsstjóra Umhverfis- og skipulagsþjónustu á næsta fund sem verður miðvikudaginn 31.okt. kl. 8:15, til að fara yfir teikningar af Sólvangi. Farið verði yfir möguleika á því að auka rými á Sólvangi þannig að sérhæfð heilabilunardagþjálfun gæti átt sér stað þar. Einnig verði farið yfir hvort önnur rými séu tiltæk til að leysa þennan vanda.
3. Farið yfir uppkast að bréf til velferðarráðuneytisins þar sem óskað er eftir dagþjálfunarrýmum fyrir Hafnarfjarðarbæ.

Fundi slitið kl. 9:15.